

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík 08. nóvember 2022

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (bælingarmeðferð). Þingskjal 45 – 45. mál. 153. löggjafarþing 2022-2023.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Ellen Calmon,
framkvæmdastýra

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (bælingarmeðferð).

Barnaheill þakka fyrir boðið um að senda inn umsögn við ofangreint mál.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi lýsa yfir mikilli ánægju með þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu.

Með frumvarpinu er stigið mikilvægt skref í verndun réttinda hinsegin barna. Börnum má ekki mismuna á grundvelli kyns, kynhneigðar, kynvitundar eða öðrum grunni samkvæmt Barnsáttmála Sameinuðu þjóðanna, samkvæmt túlkun Barnaréttarnefndarinnar í Genf.¹ Hún beinir því til allra ríkja að láta alfarið af „meðferðum“ til að leiðrétta kynhneigð barna og ungmenna og tryggja vernd hinsegin barna gegn hvers kyns ofbeldi, mismunun eða einelti með því að auka þekkingu og meðvitund almennings og með því að innleiða öryggis- og stuðningsúræði.

Sjálfstæður sérfræðingur Sameinuðu þjóðanna um kynhneigð og kynvitund sagði í skýrslu sinni frá árinu 2020 að bælingarmeðferðir væru í eðli sínu mismunun gagnvart þeim sem þær þyrftu að undirgangast, þær væru grimmileg, ómannúðleg og niðurlægjandi meðferð á fólki og þar með brot á mannréttindum. Hann hvatti ríki heims til að banna bælingarmeðferðir með öllu.²

Barnaheill taka undir þessi sjónarmið og hvetja til þess að frumvarpið verði samþykkt sem lög frá Alþingi hið fyrsta.

Barnaheill taka jafnframt undir umsagnir Samtakanna 78 og Mannréttindaskrifstofu Íslands um sama mál.

Barnaheill vinna að bættum réttindum barna og leggja áherslu á bann við mismunun. Samtökin byggja allt sitt starf á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

¹ Sjá almenna athugasemd nr. 20 frá 2016, 33. mgr.

² [‘Conversion therapy’ can amount to torture and should be banned says UN expert | OHCHR](#)